

**REGLUGERÐ****um styrktarsjóð fatlaðra.**

## 1. gr.

Styrktarsjóður fatlaðra skal vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans og daglega afgreiðslu mála, er sjóðinn varða.

## 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka, en fé hans skal ætíð handbært til framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari.

## 3. gr.

Fé sjóðsins skal varið sem lánnum eða styrkjum til þess að reisa stofnanir fyrir fatlað fólk.

Félagsmálaráðuneytið ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum Landssambands fatlaðra og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

## 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.  
Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðunni og birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlað fólk, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

13. júní.

Nr. 87.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Grímsneshreppi, Árnassýslu.**

## 1. gr.

Fasteignaskatt í Grímsneshreppi skal leggja á og innheimta með 100% álagi. Skatturinn skal miðaður við fasteignamatsverð og verður sem hér segir:

- a. 4% af virðingarverði byggingalóða.
- b. 2% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. 1% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

## 2. gr.

Gjalddagi fasteignaskattsins er 15. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist